



//Á döfinni//

// Fréttir frá Laugalandsskóla//

...: Íþróttakennsla ...:

Íþróttakennslan hefur nú færst úr sundlauginni inn í íþróttasal. Þá er mikilvægt að nemendur muni eftir íþróttafötunum, skóm og handklæði.



...: Íþróttahátíð ...:

Íþróttahátíð 8.- 10. bekkinga í Hvals-, Hellu- og Laugalandsskóla verður haldin á Laugalandi fimmtudaginn 21. nóvember kl. 19:00 - 22:00.



...: SUND ...:

Sundlaugin á Laugalandi er opin á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 18.00-21.00



...: Framundan ...:

- 16. nóv. - Dagur íslenskrar tungu
- 29. nóv. - Jólábíngó
- 1. des. - Aðventuhátíð
- 10.-16. des. - Jólapróf
- 17. des. - Föndurdagur
- 18. des. - Jólafri
- 19. des. - Generalprufa og jólahlaðborð
- 20. des. - Litlu-jólin
- 2. janúar 2020- Starfsdagur kennara


...: Ólympíuhlaup ÍSÍ ...:

Ólympíuhlaup ÍSÍ var haldið í Laugalandsskóla þriðjudaginn 1. október. Markmiðið með hlaupinu er að hvetja nemendur til þess að æfa hlaup og auka með því útiveru og hreyfingu. Jafnframt er markmiðið að kynna og skýra nauðsyn þess að hreyfa sig, reyna á líkama sinn og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.



Nemendur gátu valið á milli vegalengda í hlaupinu, þ.e. 2,5 km, 5 km 7,5 km eða 10 km. Það voru 7 nemendur sem hlupu 10 km.

Nemendur í Laugalandsskóla hlupu samtals 277,5 km.



...: Samvinnudagar Hellu- og Laugalandsskóla ...:

Þriðjudaginn 8. október voru samvinnudagar Hellu- og Laugalandsskóla. Á þessu sinni fóru nemendur 5. bekkjar í heimsókn í Helluskóla. Dagurinn byrjaði á svokölluðu SNS, sem stendur fyrir samvinnu, nýsköpun og spil. Nemendum var skipt upp í hópa sem skiptust á að vinna verkefni á tveimur stöðvum. Á annarri stöðinni fengu nemendur tækifæri til að forrita vélmenni til að vinna ákveðin verkefni og að vinna með tækni-Lego. Á hinn stöðinni spreyttu nemendur sig í því að hljóðsetja teiknimynd. Að því loknu sameinuðust hóparnir í spila- og spjalltíma þar sem börnunum gafst kostur á að kynnast hvert öðru betur. Hópnum var svo boðið í mat. Þar var borið á borð dýrindis slátur, að íslenskum sið. Eftir matinn var haldið heim á leið, eftir áhugaverðan og skemmtilegan dag.



...: Dansvika:...

Í október var dansvika í Laugalandsskóla. Auður Haralds hefur komið til okkar í mörg ár og kennt nemendum dans, þeim til gagns og ánægju. Fleiri myndir má finna á heimasíðu skólans.



...: Jólábíngó ...

Jólábíngó foreldrafélagsins verður haldið föstudaginn **29. nóvember** í matsal skólans kl. 19:00.

Spjaldið kostar kr. 400.


Að venju verða glæsilegir vinningar í boði og sjoppa til styrktar ferðasjóði nemenda opin gestum og gangandi.

...: Aðventuhátíð ...

Kvenfélagið Eining er með sína árlegu aðventuhátíð á Laugalandi sunnudaginn **1. desember** milli kl. 13.00-16.00. Kveikt verður á jólatrénu og jólaveinarnir mæta á svæðið.

...: LESTUR ...

Lestur er fyrir hugann eins og hreyfing fyrir líkamann. Það er aldrei of oft talað eða ritað um hve lestur er mikilvægur. Við í Laugalandsskóla leggjum mikla áherslu á lestur. Við leggjum nú enn meiri áherslu á að allir nemendur í öllum bekkjum lesi heima. Nemendur í 1.-5. bekk taka þátt í lestrarátaki í nóvember sem miðar að því að útbúa skóg í miðrymi skólans. Skógurinn hefur fengi heitið Greppiskógur í tengslum við bókina Greppikló sem nemendur í 1. bekk og elstu nemendur leikskólans eru að vinna með. Fyrir hverja lesna bók fá nemendur laufblað sem hengt verður á greinar trésins í skóginum. Markmið með lestrarátaki er að nemendur auki lesfimi og lesskilning. Auk þess er mikilvægt markmið að auka áhuga nemenda á yndislestri. Þegar lestrarátak stendur yfir er mikil samvinna við bókasafn skólans. Starfsmenn bókasafns eru kennurum og nemendum innan handar við val á bókum. Nemendur í 6.-10. bekk lesa heima fimm sinnum í viku, 10-15 mínútur í senn. Nemendur skila kennara kvittunarhefti, þar sem kemur fram hversu oft viðkomandi hefur lesið. Þessi ástundun er skráð og er fimmtungur námseinkunnar í íslensku. Það er hreint ekki lítið, því námseinkunn er helmingur lokaeinkunnar.



...: Bindishnútar í samfélagsfræði ...



Föstudagstímarnir hjá 9. - 10. bekk í samfélagsfræði í vetur eru eyrnamerktir færni eða þekkingu sem nemendur sjálfir óska eftir að öðlast og afla sér. Um daginn lærðu nemendur t.d. að hnýta nokkra vel valda bindishnúta. Írska rithöfundinum Oscar Wilde eru eignuð þessi orð: „Vel hnýtt bindi er fyrsta alvöru skrefið sem hver einstaklingur tekur í lífinu.“ Hvort sem það er rétt eða ekki, er hæfileiki til að hnýta sómasamlegt hálstau, góð færni að búa yfir til framtíðar. Hnúturnir sem um ræðir voru Four in Hand, Half Windsor og Windsor. Nemendur stóðu sig með þrýði og það ætti enginn að verða sér til skammar með illa hnýtt hálsbindi í jólaboðunum í ár!



...: Jól í skókassa ...

Nemendur Laugalandsskóla tóku þátt í verkefninu *Jól í skókassa* í ár. Að þessu sinni voru 25 skókassar sendir til barna sem búa við sára fátækt í Úkraínu. Í skókössunum má meðal annars finna leikföng, tannkrem og tannbursta, föt og sælgæti. Við vonum að þeir muni gleðja þá sem eiga um sárt að binda yfir hátíðarnar sem framundan eru.

